

Nefndarsvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2014.  
Tilvísun: 2014030002

**Efni: Umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur ríkissjóðs, sbr. þingmál nr. 306 á 143. löggjafarþingi 2013-2014.**

Á Alþingi er til meðferðar frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur ríkissjóðs, þar með talið lögum nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í tengslum við framangreint frumvarp vill Fjármálaeftirlitið koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Í 68. gr. nefnds frumvarps er lögð til tvíþætt breyting á 1. gr. laga nr. 99/1999. Annars vegar er þar lagt til að 1. mgr. 1. gr. verði breytt þannig að í stað þess að þar sé talað um kostnað við **rekstur Fjármálaeftirlitsins** verði vísað til kostnaðar við **opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi**. Hins vegar er í sömu grein frumvarpsins lögð til sú breyting á 2. mgr. 1. gr. laganna að í stað þess að eftirlitsgjald samkvæmt lögnum **renni beint til reksturs Fjármálaeftirlitsins**, kemur fram að gjaldið **rennur í ríkissjóð**. Af frumvarpinu má ráða að lokamálsliður 2. mgr. verði óbreyttur, þ.e. að gjaldið verði áfram innheimt af Fjármálaeftirlitinu.

Faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði eftirlitsstofnana er ein af grundvallarforsendum í svonefndum Basel staðli um árangursríkt eftirlit með bönkum frá september 2012 (Core Principles for Effective Banking Supervision, BCP)<sup>1</sup>. Í staðlinum er að finna lágmarkskröfur, settar fram í 29 kjarnareglum, sem gerðar eru til bankaeftirlits á alþjóðavísu og lýtur kjarnaregla 2 sérstaklega að sjálfstæði eftirlitsstofnana. Tilurð þeirrar reglu má einkum rekja til þróunar á alþjóðlegu regluverki sem leiddi af frjálsu flæði fjármagns og þeim lærdómi sem menn drógu af kerfislægum bankakreppum á tíunda áratug síðustu aldar. Áföll á fjármálamörkuðum víða um heim og afleiðingar þeirra á síðustu árum, þ.m.t. á Íslandi, hafa auk þess leitt til frekari þróunar á alþjóðlegu regluverki með aukinni áherslu á sjálfstæði eftirlitsstofnana.

Í staðlinum ber kjarnaregla 2 yfirskriftina *Independence, accountability, resourcing and legal protection for supervisors*, og er efni hennar eftirfarandi: *The supervisor possesses operational independence, transparent processes, sound governance, budgetary processes that do not undermine autonomy and adequate resources, and is accountable for the discharge of its duties and use of its resources. The legal framework for banking supervision includes legal protection for the supervisor.* Þá eru í staðlinum auk þess settar fram nánari kröfur varðandi einstaka þætti

<sup>1</sup> <http://www.bis.org/publ/bcbs230.pdf>



## FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

kjarnareglunnar, s.s.:

- *The operational independence, accountability and governance of the supervisor are prescribed in legislation and publicly disclosed. There is no government or industry interference that compromises the operational independence of the supervisor. The supervisor has full discretion to take any supervisory actions or decisions on banks and banking groups under its supervision.*
- *The supervisor has adequate resources for the conduct of effective supervision and oversight. It is financed in a manner that does not undermine its autonomy or operational independence.*

Allnokkuð hefur verið ritað um m.a. fjárhagslegt sjálfstæði (e. Budgetary independence). Í svonefndum IMF Working Paper frá 2007 segir, í lauslegri þýðingu, að fjárhagslegt sjálfstæði vísi til getu eftirlitsstofnunar til að ákvarða umfang fjárhagsáætlunar sinnar, ráðstafa auðlindum og forgangsraða verkefnum innan fjárhagsáætlunar. Sé slíkt fjárhagslegt sjálfstæði fyrir hendi er eftirlitsstofnun betur í stakk búin til að standast pólitísk afskipti, t.d. þrýsting við fjárlagagerð, til að bregðast hraðar við nýrri þörf á sviði eftirlits, og tryggja að launakjör starfsmanna séu samkeppnishæf til að laða að hæft starfsfólk. Eftirlitsstofnun sem er fjármögnuð af fjárveitingum til þess ráðuneytis, sem hefur eftirlit með henni, eða er fjármögnuð með almennum fjárlögum (e. general government budget), er opin fyrir pólitískum afskiptum. Ríkisstjórnin gæti hóttað að skerða fjáframlög t.d. vegna afskipta eftirlitsstofnunar af pólitískt tengdri fjármálastofnun. Ennfremur gæti niðurskurði verið beitt þegar áföll dynja yfir bankakerfi, þegar einmitt er þörf á meira eftirliti. Fjármögnun fjármálaeftirlits í formi sérstaks eftirlitsgjalds er talin minnka hættuna á framangreindu. Á hinn bóginn verður slík skattlagning að hafa málefnalegar forsendur, því ella kann að skapast það viðhorf að eftirlitið sé fjárhagslega háð hinum eftirlitsskyldu aðilum. Til að varna slíkum tókum markaðarins á eftirlitinu og tryggja sanngirni eftirlitsgjaldsins hefur upphæð þess í sumum löndum verið ákvörðuð sameiginlega af eftirlitsstofnuninni og stjórnvöldum. Ef framlög til fjármálaeftirlits eru háð afkomu eftirlitsskyldra aðila er jafnframt hættu á að fjárhagur eftirlitsstofnunar verði rýrari þegar þrengir að í rekstri hjá hinum eftirlitsskyldu aðilum. Við slíkar aðstæður virðist besta lausnin felast í því að heimila eftirlitsstofnuninni að byggja upp varasjóð.<sup>2</sup>

Við stofnun Fjármálaeftirlitsins, með setningu laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, var framangreind kjarnaregla um sjálfstæði eftirlitsstofnana höfð að leiðarljósi.

Í lögum nr. 87/1998 kemur sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins m.a. fram í 3. gr. en þar segir að með eftirlit samkvæmt lögum fari sérstök stofnum sem nefnist Fjármálaeftirlitið og ennfremur að Fjármálaeftirlitið sé ríkisstofnun sem lúti sérstakri stjórn og heyri undir ráðherra. Í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 87/1998 segir „Fjármálaeftirlitið er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag.“ Í 1. mál. 4. gr. laganna segir jafnframt að með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fari þriggja manna stjórn sem ráðherra skipar. Í athugasemdum við 4. gr. í fyrrnefndu frumvarpi er m.a. áréttað að þó Fjármálaeftirlitið falli undir

<sup>2</sup> IMF Working Paper. 2007. *The Fear of Freedom: Politicians and the Independence and Accountability of Financial Sector Supervisors*. Marc Quintyn, Silvia Ramirez, and Michael W. Taylor.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

ráðherra sé honum ekki ætlað að hafa efnisleg eða fagleg afskipti af starfsemi stofnunarinnar. Því sé nauðsynlegt að sérstök stjórn fari með yfirumsjón stofnunarinnar og hafi eftirlit með starfseminni. Þá skal bent á að 5. gr. laganna tiltekur að forstjóri Fjármálaeftirlitsins sé ráðinn af stjórn stofnunarinnar og að hann annist daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Athugasemdir við greinina í áðurnefndu frumvarpi tilgreina m.a. að forstjóri stofnunarinnar stýri henni undir yfirumsjón stjórnar og til að undirstrika faglegt sjálfstæði stofnunarinnar gagnvart ráðherra þyki rétt að forstjórinn sé ráðinn af stjórn og beri ábyrgð gagnvart henni.

Í lögum nr. 99/1999 og almennum athugasemdum við frumvarp til sömu laga er fjárhagslegt sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins áréttað. Þar kemur fram að tilgangur laganna sé m.a. sá að auka möguleika Fjármálaeftirlitsins á því að bregðast við miklum sveiflum í efnahag og rekstri einstakra flokka eftirlitsskyldra aðila. Í 1. gr. laganna er til að mynda áréttaður grundvöllur og markmið eftirlitsgjaldsins og tilgreint að eftirlitsskyldir aðilar skuli standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins í samræmi við ákvæði laganna. Þar segir að eftirlitsgjald samkvæmt lögnum renni beint til reksturs Fjármálaeftirlitsins og sé innheimt af Fjármálaeftirlitinu. Samkvæmt lögnum standa þeir aðilar sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins straum af kostnaði við rekstur stofnunarinnar með greiðslu eftirlitsgjalds. Í lögnum er byggt á því að mismunur á tekjum og gjöldum síðasta árs endurspeglar í álagningu næsta árs þannig að afgangur komi til lækkunar við álagningu næsta árs og öfugt.

Fjármálaeftirlitið leitast við að uppfylla framangreindar kjarnareglur Basel staðalsins í starfsemi sinni. Til upplýsingar bendir Fjármálaeftirlitið á að fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa mestan hluta marsmánaðar þessa árs verið hér á landi í þeim tilgangi að taka út starfsemi Fjármálaeftirlitsins með tilliti til framangreindra reglna, þ.m.t. fjárhagslegt sjálfstæði eftirlitsins.

Í bráðabirgðaniðurstöðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins varðandi kjarnareglu 2 kemur m.a. fram eftirfarandi: *The legal framework imbeds the potential of political interference, as members of the Board who make major decisions are political appointees, and the Minister is responsible for submitting all FME-related legislation to Parliament, including the budget. A draft bill of law in discussion in parliament would further open the potential for political interference, as it mandates the end of earmarked resources for supervision – the fees collected by FME would be directed to the general treasury.*

Með vísan til framanritaðs vill Fjármálaeftirlitið sérstaklega benda á að meginrök fyrirhugaðra lagabreytinga, sem fram koma í athugasemdum með umræddu frumvarpi, þess efnis að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telji umfang markaðra tekna mun meira hér á landi en almennt gengur og gerist í nágrannalöndum okkar sé ekki unnt að skoða sem algild eða að þau sjónarmið eigi við um þá breytingu sem hér er fjallað um enda kunni önnur sjónarmið að vera eðlileg og alþjóðlega viðurkennd í sérstökum tilvikum.

Til frekari áréttingar um áherslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins, vísar Fjármálaeftirlitið til lauslegrar þýðingar á málsgrein 14 úr lokayfirlýsingu sendinefndar



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir heimsókn 21. febrúar til 2. mars 2012<sup>3</sup>:

14. Umgjörð fjármálaeftirlits. Sterkt, ásækið og sjálfstætt fjármálaeftirlit er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir uppsöfnun áhættu sem getur leitt til kreppu. Í því sambandi hafa Seðlabankinn og FME komið upp virkum samráðsvettvangi. Frá því á síðasta ári hefur FME unnið að framkvæmd á annarri umferð endurbóta á skipulagi og starfsháttum. Í framhaldinu gæti verið þörf á fleiri sérfræðingum á sviði útlánaáhættu til að sinna vettvangsathugunum og skuldbindingaskrá gæti þurft meira afl til að verða kraftmikið eftirlitstæki. Það er mikilvægt að viðhalda sjálfstæði FME bæði í reynd og ásýnd, sem og getu og vilja til rétttra viðbragða, og tryggja þannig nauðsynlega áframhaldandi styrkingu eftirlits til uppfyllingar á grunnviðmiðum Basel kjarnareglna um bankaeftirlit.

Hingað til hefur verið litið svo á að Fjármálaeftirlitið uppfylli viðmið um fjárhagslegt sjálfstæði, en ljóst er að endurskoða verður þá stöðu ef fyrirhugaðar breytingar á fjármögnun stofnunarinnar verða að veruleika. Sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins fellst í því að eftirlitinu sé tryggt óhæði gagnvart hinu pólitíska valdi sem og þeim sem lúta eftirliti. Alþjóðleg þróun laga- og reglna sýnir aukna áherslu á sjálfstæði eftirlitsstofnana samhliða skýrari sýn síðustu ára á hættueiginleika bankastarfsemi og þá almannahagsmuni sem í húfi eru. Fjármálaeftirlitið telur því nauðsynlegt að hér eftir sem hingað til verði staðinn vörður um sjálfstæði eftirlitsins.

Með vísan til þess sem að framan er rakið leggst Fjármálaeftirlitið alfarið gegn þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir á lögum nr. 99/1999.

Með umsögn þessari fylgir til upplýsingar bréf Fjármálaeftirlitsins til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 15. ágúst 2012, vegna undirbúnings lagafrumvarps um afnám markaðra tekna.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Unnur Gunnarsdóttir

  
Margrét Sigurðardóttir

Afrit sent:

Guðmundi Árnasyni ráðuneytisstjóra í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

<sup>3</sup><http://www.sedlabanki.is/library/Skráarsafn/Alþjóðasvið/Lokayfirlýsing%20sendinefndar%20AGS%20mars%202012.pdf>

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti  
Vt. Helga Jónsdóttir ráðuneytisstjóri  
Skuggasundi 3  
150 Reykjavík

15. ágúst 2012

Tilvísun: 2012080014/11.0

**Efni: Fyrirhugað afnám markaðra tekna.**

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur formanns fjárlaganefndar fyrir hönd nefndarinnar til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, 18. júlí sl., varðandi undirbúning lagafrumvarps um afnám svonefndra markaðra tekna stofnana og fjárlagaliða. Í tengslum við fyrirhugað frumvarp óskar Fjármálaeftirlitið eftir því að koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Í nefndu bréfi kemur fram að tilgangur frumvarpsins sé að einfalda og auka skýrleika uppgjörs stofnana, auðvelda samanburð útgjalda og fjárheimilda og efla fjárstjórnarvald Alþingis. Þar segir einnig að frumvarp um afnám markaðra tekna stofnana og fjárlagaliða muni hafa í för með sér breytingu á uppgjöri stofnana en því sé ekki ætlað að skerða útgjaldaheimildir þeirra. Í stað uppgjörs markaðra tekna kæmi jafnhátt framlag úr ríkissjóði.

Í bréfinu er tekið fram að fjárlaganefnd sé meðvituð um að mismunandi röksemdir geti legið að baki mörkuðum tekjum og muni leggja mat á athugasemdir ráðuneyta vegna þeirra. Fjármálaeftirlitið tekur undir það og telur ástæðu í því sambandi að leggja sérstaka áherslu á þá grundvallarforsendu tilvistar Fjármálaeftirlitsins að stofnunin sé sjálfstæð bæði í faglegu og fjárhagslegu tilliti.

Til frekari áréttingar á sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins vísar eftirlitið m.a. til laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi en í 3. gr. kemur fram að með eftirlit samkvæmt lögnum fari sérstök stofnum sem nefnist Fjármálaeftirlitið og að Fjármálaeftirlitið sé ríkisstofnun sem lúti sérstakri stjórn og heyri undir ráðherra. Í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 87/1998 segir „Fjármálaeftirlitið er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag.“ Í 1. ml. 4. gr. laganna segir jafnframt að með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fari þriggja manna stjórn sem ráðherra skipar. Í athugasemdum við 4. gr. í fyrrnefndu frumvarpi er m.a. áréttað að þó Fjármálaeftirlitið falli undir ráðherra sé honum ekki ætlað að hafa efnisleg eða fagleg afskipti af starfsemi stofnunarinnar. Því sé nauðsynlegt að sérstök stjórn fari með yfirumsjón stofnunarinnar og hafi eftirlit með starfseminni. Þá skal bent á að 5. gr. laganna tiltekur að forstjóri Fjármálaeftirlitsins sé ráðinn af stjórn stofnunarinnar og að hann annist daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Athugasemdir við greinina í áðurnefndu frumvarpi tilgreina m.a. að forstjóri stofnunarinnar stýri henni undir yfirumsjón stjórnar og til að undirstrika faglegt sjálfstæði stofnunarinnar gagnvart ráðherra þyki rétt að forstjórinn sé ráðinn af stjórn og beri ábyrgð gagnvart henni.

Fjárhagslegt sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins er ennfremur áréttað í lögum nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem og almennum athugasemdum við frumvarp til sömu laga. Þar kemur fram að tilgangur þeirra sé m.a. sá að auka möguleika Fjármálaeftirlitsins á því að bregðast við miklum sveiflum í efnahag og rekstri einstakra flokka eftirlitsskyldra aðila. Í 1. gr.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

laganna er til að mynda áréttaður grundvöllur og markmið eftirlitsgjaldsins og tilgreint að eftirlitsskyldir aðilar skuli standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins í samræmi við ákvæði laganna. Þar segir að eftirlitsgjald samkvæmt lögnum renni beint til reksturs Fjármálaeftirlitsins og sé innheimt af Fjármálaeftirlitinu. Samkvæmt lögnum standa þeir aðilar sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins straum af kostnaði við rekstur stofnunarinnar með greiðslu eftirlitsgjalds. Í lögnum er byggt á því að mismunur á tekjum og gjöldum síðasta árs endurspeglast í álagningu næsta árs þannig að afgangur kemur til lækkunar við álagningu næsta árs og öfugt. Í þessari grein er kveðið á um hvernig fara skuli með mismun á tekjum og gjöldum eins og þau eru áætluð fyrir yfirstandandi ár þegar áætlun fyrir næsta ár er unnin. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að sem mest samræmi sé milli eftirlitsgjaldsins og rekstrarkostnaðar og að mismunur milli tekna og gjalda, jákvæður eða neikvæður, lendi hjá eftirlitsskyldum aðilum. Í þessu sambandi áréttar Fjármálaeftirlitið að stjórn stofnunarinnar og samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila vakta að þessari framkvæmd sé fylgt eftir. Þá skal bent á að innan Evrópu er meginreglan sú að þeir sem lúta fjármálaeftirliti beri kostnað af því.

Þá bendir Fjármálaeftirlitið á að faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði eftirlitsstofnana er grundvallaratriði í svonefndum kjarnaviðmiðum alþjóðlegu bankaeftirlitsnefndarinnar um virkt fjármálaeftirlit frá október 2006 (*Basel Committee on Banking Supervision – Basel Core Principles for Effective Banking Supervision*), samanber það sem segir í fyrsta viðmiðinu:

*Principle 1: Objectives, independence, powers, transparency and cooperation*

*An effective system of banking supervision will have clear responsibilities and objectives for each authority involved in the supervision of banks. Each such authority should possess operational independence, transparent processes, sound governance and adequate resources, and be accountable for the discharge of its duties. A suitable legal framework for banking supervision is also necessary, including provisions relating to authorisation of banking establishments and their ongoing supervision; powers to address compliance with laws as well as safety and soundness concerns; and legal protection for supervisors. Arrangements for sharing information between supervisors and protecting the confidentiality of such information should be in place.*

Fjármálaeftirlitið lítur svo á að því beri að starfa í samræmi við framangreind kjarnaviðmið. Að beiðni efnahags- og viðskiptaráðuneytisins fór fram úttekt óháðs erlends sérfræðings í bankaeftirliti á starfsemi eftirlitsins með tilliti til viðmiðanna í apríl 2011. Í viljayfirlýsingu íslenskra stjórnvalda gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum frá 16. ágúst 2011, er áréttuð nauðsyn þess að Fjármálaeftirlitið fái fullnægjandi tekjur til þess að tryggja að stofnunin geti innt skyldur sínar af hendi með árangursríkum hætti m.a. með það að markmiði að uppfylla fyrrnefnd viðmið, sbr. 4. lið 13. tölul. yfirlýsingarinnar. Til þess að svo megi verða er óhjákvæmilegt að stofnuninni sé tryggt, í samræmi við kjarnaviðmiðin, nægilegt rekstrarfé (e. adequate resources), fullnægjandi lagaheimildir til eftirlits (e. suitable legal framework), virk ákvæði til framfylgni ákvarðana (e. powers to address compliance) og sjálfstæði gagnvart öðrum hagsmunum en þeim sem felast í sjálfu eftirlitinu (e. operational independence).

Með vísan til framangreindra röksemda er það mat Fjármálaeftirlitsins að fyrirhuguð lagabreyting geti leitt til þess að grundvallarforsendu stofnunarinnar, sjálfstæði, verði ógnað með ófyrirséðum afleiðingum. Erfitt er að sjá með hvaða öðrum hætti en núgildandi fyrirkomulagi unnt væri að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar, þ.m.t. fjárhagslegt sjálfstæði hennar, gagnvart hinu pólitíska og efnahagslega valdi, og um leið að leggja með sanngjörnum hætti á þá aðila er lúta eftirliti stofnunarinnar nauðsynlegt eftirlitsgjald. Fjármálaeftirlitið telur þannig að fyrirhugaðar breytingar geti ógnað sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins og sé til þess fallið að skapa óvissu fyrir fjármálakerfið á Íslandi þar sem hagsmunir þess eru að eftirlit með kerfinu sé sterkt og trúverðugt m.a. gagnvart erlendum stjórnvöldum. Þá skapast sú hætta að fjárveitingar til fjármálaeftirlits verði undirorpnar



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

geðþótta stjórnámamanna og hugmyndafræðilegri afstöðu þeirra til opinbers eftirlits.


Þá bendir Fjármálaeftirlitið á að eðlismunur er á starfsemi eftirlitsstofnunar eins og Fjármálaeftirlitsins og þeirra stofnana ríkisins sem annast þjónustu og framkvæmdir. Það lýsir sér m.a. í því að starfsemi Fjármálaeftirlitsins grundvallast á þeirri hugmyndafræði að stofnunin sé sjálfstæð í samræmi við viðurkennd alþjóðleg sjónarmið. Ein birtingarmynd þess er að stjórnvaldsákvörðunum Fjármálaeftirlitsins verður ekki skotið til ráðherra til endurskoðunar. Eins og kunnugt er er Fjármálaeftirlitinu ætlað samkvæmt lögum það þjóðfélagslega mikilvæga hlutverk að fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Þannig leiðir það af hlutverki Fjármálaeftirlitsins og eðli fjármálakerfisins að stofnunin þarf að geta brugðist hratt við breytingum og hafi til að bera nauðsynlega innviði til þess að geta vakt að fjármálamarkaðinn og greint aðsteðjandi ógnir fyrir samfélag og þjóðarbú með það að markmiði að koma í veg fyrir eða a.m.k. mildað áföll.

Núverandi fyrirkomulag um markaðar tekjur styðja þannig að mati Fjármálaeftirlitsins betur við lögbundið sjálfstæði og hlutverk stofnunarinnar og draga jafnframt úr þeirri óvissu, áhrifum og mögulegum inngrípum stjórnámamanna í starfsemina sem stofnunin byggir að öðrum kosti við ef Fjármálaeftirlitið fengi fjárveitingar beint úr ríkissjóði. Þá verður að ætla að meiri sátt ríki meðal eftirlitsskyldra aðila um greiðslu framlaga sem lögð eru á í þeim tilgangi að styðja við fjármálamarkaðinn með rekstri eftirlitsstofnunar heldur en hækkun á álagningu beinna skatta í ríkissjóð.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Unnur Gunnarsdóttir

  
Aðalsteinn Leifsson